

Samþykkt

um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Flóahreppi.

Meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skal vera í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Um orðskýringar vísast til skilgreininga skv. 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 3. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Skýring: Vísun til reglugerðar 803/2023 í stað eldri rg. Bætt við 3. mgr. um orðskýringar, tillaga um að sleppa í staðinn 3. gr. gildandi samþykktar.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- Stuðla að því að meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, lágmarkun kostnaðar samfélagsins, vinnuvernd starfsfólks og góðri þjónustu við íbúa.
- Fyrirkomulag söfnunar og meðhöndlunar úrgangs skal stuðla að því að markmiðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og gildandi svæðisáætlunar verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Horft verður til úrgangsprihyrningsins við meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsfornir og mengunarbótareglan – sá geldur sem veldur – höfð að leiðarljósi við ákvörðun um gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

Skýring: Efnislega samhljóða 2. gr. samþykktar en ítarlegra orðalag.

3. gr.

Umsjón, eftirlit og fræðsla.

Flóahreppur getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum en er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á heimilisúrgangi, rekstur grenndarstöðva og flutning

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

úrgangs til meðhöndlunar og förgunar. Sveitarstjóri fer með daglega yfirstjórn málaflokksins samkvæmt samþykkt þessari.

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn, sem fer með ákvörðunarvald og ber ábyrgð á málefnum er varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 9. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og að farið sé að samþykkt þessari skv. 47. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Flóahreppur skal sjá til þess að upplýsingaefni um úrgangsforvarnir og rétta meðhöndlun úrgangs sé aðgengilegt og fræða almenning og aðra úrgangshafa í sveitarfélaginu um úrgangsmál.

Skýring: Ný grein.

II. KAFLI

Fyrirkomulag söfnunar við heimili.

4. gr.

Flokkun heimilisúrgangs og sorpílát við heimili.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs, að flokka úrganginn og setja hann í rétt söfnunarílát, eða að öðrum kosti koma honum til viðeigandi meðhöndlunar á grenndarstöð eða söfnunarstöð. Heimilisúrgang skal flokka í að lágmarki sjö flokka sem óheimilt er að setja í ílát fyrir blandaðan úrgang:

1. Lífúrgang (þ.m.t. matarleifar). Lífúrgang skal setja í pappírspoka áður en hann er settur í sorpílát. Sveitarstjórn getur ákveðið að bjóða íbúum að sækja um þátttöku í reynsluverkefni um heimajarðgerð, í stað þess að safna lífúrgangi í sérílát, samkvæmt nánari reglum sem sveitarstjórn staðfestir. [Um meðhöndlun dýrahæja vísast til bráðabirgðaákvæðis við samþykkt þessa.](#)
2. Pappír/pappa.
3. Plast.
4. 4. Textíl.
5. 5. Málma.
6. Gler.
7. Spilliefni.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja úrgang sem fellur til við heimilishald, en þó ekki rúmfrekan garðaúrgang, textíl, gler, málma, raf- og rafeindatæki og timbur. Óheimilt er að setja spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang í ílátin. Tekið er á móti gleri, málmum og textíl á grenndarstöðvum eða söfnunarstöð samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarfélagið útvegar öllum íbúðarhúsum í sveitarfélaginu ílát til flokkunar úrgangs. Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús, eða þrjú ílát ef heimild til heimajarðgerðar á við. Stærð íláta við hvert heimili í þéttbýli og dreifbýli er að jafnaði eftirfarandi:

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

- a. 660 lítra tunna fyrir pappír og pappa.
- b. 360 lítra tunna fyrir plast.
- c. 140 lítra tunna fyrir lífúrgang.
- d. 240 lítra tunna fyrir blandaðan heimilisúrgang.

Fasteignareigandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað ef hann sér fram á að þau yfiryllist, óskað eftir annarri stærð íláta ef við á eða samnýtingu íláta, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt þessari, gjaldskrá sveitarfélagsins eða öðrum fyrirmælum, enda greiði hann umsýslugjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gjaldskrá, sbr. 14. gr. samþykktarinnar.

Skýring: Byggt á fyrirmynd (Hvalfjarðarsveit).

5. gr.

Söfnun frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli.

Við íbúðarhús í dreifbýli og þéttbýli og hjá lögaðilum sem fá þjónustu sveitarfélagsins skal sérstök söfnun fara fram á sem aðgengilegastan hátt, og í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003 og reglugerð nr. 803/2023, um meðhöndlun úrgangs, þ.e. á pappír og pappa, plasti, lífúrgangi og blönduðum úrgangi.

Söfnun heimilisúrgangs frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli fer fram í samræmi við hirðuáætlun (sorphirðudagatal) sem staðfest er af sveitarfélaginu. Hirðuáætlun skal kynnt íbúum og vera aðgengileg á vefsvæði sveitarfélagsins og verktaka. Tíðni tæminga getur verið breytileg eftir úrgangsflokkum og árstíma.

Sveitarfélagið getur heimilað frávík frá hirðuáætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávík skulu auglýst eða tilkynnt íbúum með hæfilegum fyrirvara. Skal þá sá sem hefur úrgang í sinni vörslu sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari, á auglýstum tíma, eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða. Úrgang sem rúmast ekki í samþykktri áætlun getur húsráðandi losað á eigin kostnað á söfnunar- og móttökustöð eða á grenndarstöð.

Húsráðendur frístundahúsa sjá sjálfir um að koma heimilisúrgangi frá sér í gáma á grenndarstöðvum sem sveitarfélagið leigir og sér um að losa eftir þörfum. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang sem sérstaklega er safnað í samræmi við merkingar ílátanna, svo sem pappír og pappa, plast og annan blandaðan (óflokkaðan) heimilisúrgang af öðrum uppruna, þó ekki rúmfrekan garðaúrgang, grjót, timbur eða rekstrarúrgang, gler, málma, textíl, rafhlöður eða rafgeyma, né rúmfrekan úrgang eins og húsgögn. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátin, heita ösku eða glóð.

Skýring: Greinin endurspeglar gildandi fyrirkomulag og þjónustustig í Flóahreppi.

III. KAFLI

Úrgangur frá lögaðilum.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir.

Rekstraraðilum er skylt að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun, í samræmi við lög nr. 55/2003, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði þessarar samþykktar, og bera þeir allan kostnað af söfnun og meðhöndlun hans.

Öllum rekstraraðilum er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við samþykkt þessa. Aðstaða skal vera á lóð rekstraraðila fyrir ílát undir þá úrgangsflokka heimilisúrgangs sem til falla við starfsemina og tilgreindir eru í 1. mgr. 4. gr.

Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun úrgangsflokka, sem er sérsafnað í sveitarfélaginu, frá blönduðum úrgangi og öðrum rekstrarúrgangi. Eftir því sem við á gilda ákvæði samþykktar þessarar einnig um rekstraraðila, þ.m.t. ákvæði um frágang og geymslu úrgangs.

Óheimilt er að láta dýrahæ, garðaúrgang, jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., brotajárn, húsgögn, raftæki og annan grófan úrgang í sorpílát. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkenndar móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir utan dýraleifar sem skal komið í viðurkenndan farveg samkvæmt nánari leiðbeiningum sveitarfélagsins. Annist sveitarfélagið söfnun dýrahæja er heimilt að innheimta fyrir það gjald til að standa straum af kostnaði við sérsöfnun, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Skýring: 6. og 7. gr. byggja á fyrirmynd frá Hvalfjarðarsveit og fleiri sveitarfélögum en endurspeglar jafnframt fyrirkomulag í Flóahreppi. Rekstraraðilar geta óskað eftir að vera hluti af hirðuhring sveitarfélagsins og gert ráð fyrir þeirri þjónustu við smærri rekstraraðila þótt það sé ekki skylda sveitarfélagsins. Kröfur reglugerðar um flokkun endurspegladar og leitast við að hafa skýrar línur með aðgreiningu á rekstrarúrgangi og heimilisúrgangi frá lögaðilum.

7. gr.

Rekstrarúrgangur.

Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsynlegt er. Ef úrgangur er geymdur á lóð skal tryggt að ekki stafi af því óhollusta, óþrifnaður eða hætta. Staðsetning gáma undir úrgang skal vera í samræmi við stöðuleyfi eða ákvæði deiliskipulags.

Fyrirtæki og stofnanir skulu flokka rekstrarúrgang þannig að hámarka megi undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu. Rekstraraðilum er skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang að lágmarki í eftirtalda flokka:

1. Spilliefni.
2. Timbur.

3. Steinefni.
4. Gler.
5. Málma.
6. Plast.
7. Gifs.

Rekstraraðilum ber að koma rekstrarúrgangi sem ber framleiðendaábyrgð í viðeigandi meðhöndlun.

Um mengaðan jarðveg og viðeigandi meðhöndlun fer skv. reglugerð um mengaðan jarðveg, nr. 1400/2020.

Skýring: Greinin endurspeglar fyrirkomulag í Flóahreppi. Sveitarfélagið safnar t.d. ekki rúlluplasti, sem ber framleiðendaábyrgð, heldur býður einkaaðili bændum þá þjónustu.

IV. KAFLI

Grenndar- og söfnunarstöðvar.

8. gr.

Grenndarstöðvar og tímabundið hreinsunarátak.

Grenndarstöðvar eru staðsettar í alfaraleið í Flóahreppi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Óheimilt er að losa annan úrgang í söfnunarlát á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stöð.

Óheimilt er að skilja úrgang eftir utan við gáma á grenndarstöðvum.

Skýring: *Greinin endurspeglar fyrirkomulag í Flóahreppi.* Nú eru grenndarstöðvar tvær, þ.e.:

- a. við Félagslund. Þar fer fram sérstök söfnun á gleri, textíl og málmum.
- b. við Þingborg. Þar fer fram sérstök söfnun á plasti, pappa, blönduðum úrgangi, lífrænum úrgangi, gleri, textíl og málmum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að hafa tímabundið ílát fyrir fleiri úrgangsflokka á grenndarstöð eða öðrum hentugum stað í sveitarfélaginu, svo sem í tengslum við hreinsunardaga.

9. gr.

Söfnunarstöðvar.

Tekið er á móti úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu á söfnunarstöð þjónustuaðila í Hrísmýri á Selfossi. Úrgangur sem skilað er til söfnunarstöðvar skal flokkaður samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Á söfnunarstöð er einnig móttaka á nytjahlutum, textíl, skilgjalddsskyldum drykkjarvöruumbúðum, rúmfrekum úrgangi o.fl.

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn auglýstan afgreiðslutíma. Um gjalddöku fer samkvæmt gjaldskrá þjónustuaðila.

Skýring: Byggt á 10. gr. gildandi samþykktar.

V. KAFLI

Aðstaða til sorphirðu og umgengni.

10. gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs.

Húsráðendur skulu sjá til þess að leið að sorpgeymslum og sorpílátum sé greiðfær til sorphirðu, að undirlag á leið frá sorpíláti að götu sé þannig að auðvelt sé að flytja ílátin og hreinsa burt snjó á vetrum. Mælst er til þess að aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang séu upplýstar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna.

Einnig skulu húsráðendur gæta þess að ílát séu lokuð og vel fest eða skorðuð, þannig að ílát eða úrgangur fjúki ekki burt, verði fyrir ágangi dýra eða ílát fyllist af snjó eða regnvatni.

Fasteignareigandi ber að gæta þess að fasteign fylgi nægilega mörg sorpílát og að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Húsráðendur skulu sjá til þess að sorpílát séu hreinsuð reglulega og fylgjast með ástandi þeirra að öðru leyti. Séu sorpílát fest skal það vera með búnaði sem sorphirðufólk á auðvelt með að losa. Geymslur og sorpgerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Verði ílát fyrir skemmdum skal eigandi fasteignar óska eftir nýju íláti hjá sveitarfélaginu. Teljist skemmd stafa af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun eða sliti er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald vegna endurnýjunar íláts.

Þar sem fara þarf með ílát upp tröppur skal vera rampur eða skábraut fyrir hjól, sem draga má ílátin eftir. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða hurðir getur sveitarfélagið farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram.

Flóahreppur getur heimilað sameiginlegt sorpgerði eða -geymslu fyrir aðliggjandi lóðir. Sameiginlegt sorpgerði/-geymsla er háð samþykki sveitarfélagsins og skal skráð í álagningarkerfi sorphirðugjalda sem sameiginleg ef báðir/allir húsráðendur óska og skilyrði reglna sveitarfélagsins um samnýtingu sorpíláta eru uppfyllt.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs um skyldur fasteignareiganda og frágang sorpgerða og sorpgeymslna.

11. gr.

Ástæður til að hafna sorphirðu.

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna því að taka á móti úrgangi, hirða og losa sorpílát við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ílát innihalda úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.
- b. Hindranir eru á leið að ílátum eða leið að þeim er ófær.

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

c. Ílát er yfirfullt, sbr. 3. mgr. 10. gr.

d. Ílát finnst ekki.

e. Ílát eða aðstaða brýtur að öðru leyti í bága við kröfur í lögum, reglugerðum eða samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs.

Ef losun er hafnað skal húsráðanda og sveitarfélaginu tilkynnt um ástæður þess. Losun íláta fer þá fram við næstu reglulegu hirðu nema fasteignareigandi semji um annað og greiði fyrir þá aukapjónustu.

Skýring við 10. og 11. gr.: *Flestar samþykktir sveitarfélaga eru með ítarleg ákvæði um skyldur fasteignaeigenda. Lagt er til að samþykkt Flóahrepps verði ítarlegri um slík atriði en ræða þarf hvað á við aðstæður í Flóahreppi.*

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarkerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, bátar eða aðra sambærilega hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum, opnum svæðum eða annars staðar á almannafæri.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

13. gr.

Gjaldtaka og breytingar á fjölda og stærð íláta.

Sveitarstjórn setur gjaldskrá um söfnun og meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarfélagið skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

14. gr.

Verklagsreglur og heimild til frávika.

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála skv. samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, sameiginleg sorpílat innan lóðar, beiðnir um aukalosun íláta, tilraunaverkefni um heimajarðgerð og aðrar óskir íbúa um sveigjanleika í þjónustu. Skulu slíkar verklagsreglur birtar opinberlega.

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

Skilyrði er að frávik gangi ekki gegn ákvæðum laga nr. 55/2003 eða afleiddum reglugerðum, auk þess sem við samþykki frávika skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum samþykktar þessarar verði náð. Sé óskað samþykkis frávika frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og skipulagsdeildar sveitarfélags.

15. gr.

Kvartanir, ábendingar og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun eða ábendingu varðandi framkvæmd úrgangsjónustu skal hann koma henni á framfæri við skrifstofu sveitarfélagsins eða snúa sér til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Brjóti húsráðandi gegn ofangreindum ákvæðum eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt samþykkt þessari, fer almennt um þau mál skv. ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

16. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

17. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps **xx.xx 2026**. Samþykktin staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 1198/2019, um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

Ákvæði til bráðabirgða

Söfnun dýrahæja til fögunar

Sérstakt gjald vegna dýrahæja er lagt á alla aðila sem eru með skráðan bústofn á búsnúmeri sínu skv. skýrslum frá matvælaráðuneytinu ár hvert. Gjaldið veitir aðgang að söfnunargámi fyrir dýrahæ sem er staðsettur innan sveitarfélagsins. Gjaldinu er skipt upp í mismunandi gjaldflokka eftir fjölda og tegund bústofns. Bent er á að einnig er hægt að fara með dýrahæ á söfnunarstöð þjónustuaðila sveitarfélagsins í Hrísmýri á Selfossi og skal þá greitt fyrir móttöku skv. gildandi gjaldskrá þjónustuaðila. Ekki er hægt að nýta inneignarkort vegna dýrahæja.

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Vinnuskjal fyrir Flóahrepp dags. 9. febrúar 2026

Nautgripir og kýr telja sem 2 stig í umfangi, svín, hross og sauðfé telja sem 1 stig í umfangi og alifuglar og loðdýr telja sem 0,25 stig í umfangi. Hvert skráð dýr er þannig talið inn í heildarstig í umfangi hvers bús og gjald fundið út frá því. Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að sækja um breytingu á gjaldinu en lágmarksgjaldið er þó alltaf rukkað ef bústofn er skráður á búsnúmer. Athygli er vakin á því að í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, hefur heimild til urðunar dýrahæja verið felld brott í samræmi við breytingar sem urðu á lögum um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu reglna um aukaafurðir dýra. Telji búfjáreigandi sig hafa sérstaka heimild til urðunar dýrahæja í sínu landi skal framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis frá Matvælastofnun. Staðfestingu skal framvísað á skrifstofu Flóahrepps eða í tölvupósti á floahreppur@floahreppur.is.

Nánar er kveðið á um fyrirkomulag gjaldtöku í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi. Í gjaldskrá er heimilt að kveða á um heimild til að veita eldri borgurum afslátt, að uppfylltum nánari skilyrðum.

Gjaldflokkur Umfang bústofns Samtals kostnaður

Lágmarksgjald 5.000 kr.

Gjaldflokkur 1 20-29 stig í umfangi 25.000 kr.

Gjaldflokkur 2 30-99 stig í umfangi 50.000 kr.

Gjaldflokkur 3 100-299 stig í umfangi 75.000 kr.

Gjaldflokkur 4 300-499 stig í umfangi 100.000 kr.

Gjaldflokkur 5 500-999 stig í umfangi 120.000 kr.

Gjaldflokkur 6 999 stig og meira í umfangi 140.000 kr.

Undanþágur og afslættir frá gjaldi vegna dýrahæja:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldflokkum 1 og 2. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er 40% afsláttur ef umsækjandi uppfyllir skilyrðin.

Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að sækja um breytingu á gjaldinu en lágmarksgjaldið er þó alltaf rukkað ef bústofn er skráður á búsnúmer.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, x.xx. /2026.